

neðar en meðaltal þjóðarinnar. Skoðanir þeirra eru hærri eða lægri en þjóðarinnar í ýmsum efnum, áhrærandi siðferði, háttsemi og gildi og þýðingu lífsins.

Sagt er að í fornöld hafi grfska þjóðin staðið öllum ofar í siðfágum. Þó er þess getið um grfska heimspekinginn Diogenes, að skoðun hans á fegurð og velsæmi hafi verið mjög svo fráleit. Hann fyrirleit klæðnað og gekk þvf næst nakinn. Hann fyrirleit alt skraut og prýði. Hann bar með sjer stamp og sat í honum á götum og torgum úti. Hann gekk með logandi blys um hábjartan daginn og þóttist vera að leita að ráðvöndum manni.—Það eitt afsakanlegt ef til vill. Eitt skifti kemur hann heim til Platóns, heimspekingsins fræga; en Platón háfði ábreiður á gólfinu. Tréður Diogenes á þeim með ruddaskap og miklu yfirlæti og segir: “Þannig tréð eg á mikillæti Platóns”. Svarar Platón þá brosandi: “Með engu minna mikillæti”.

Móti mikillæti og sællífi og skrauti æðri stjettanna um miðaldirnar gengu reglugjörðir klaustramanna. Víðast gengu þó þau mótmæli of langt, svo að heita nátti að klausturlífnaður fyrirliði hið eðlilega fagra og sanna. Var það í samræmi við lífsskoðanir andlegu stjettanna á þeim tíma. Í stað fegurðar takmarksins, kom heilagleika-takmarkið, einkennileg hugarsmíð fyrri miðaldanna, að fjarlægja sig sem mest heiminum. Til þess var leyfilegt að pynta líkama sinn, jafnvel afskræma hann, og sjálfsagt þótti að fyrirliða alla persónufegurð, hreinlæti, alt það er veitir auga og anda unun og gleði. Stóð þetta í sambandi við þá trú að heimurinn væri ofurseldur valdi þess illa. Guð átti ekkert í þessum heimi og lagði vanþóknun á hann. En takmark heilagleikans var það að hafa ekkert samneyti við það sem var fjarlægt guði, og enn fremur að kappkosta að líkjast guði í sem flestu. En þessi kappkostun, að líkjast guði, n eð þvf að afmynda sína eigin persónu, varð lýsna fíranleg, og gjörði guðsmyndina ærð lítillmótlega.

Þessar hugsanir og siðir er út frá þeim spruttu grópuðust í n í hugsunarhátt alþýðunnar. Munkarnir voru hennar fyrirmyndir, og munkalærdómur hennar ræði. Enda voru mesti fjöldi dýrlinga úr tölu munkanna. Þeir voru helgir menn, þess helgari sem